

Föstudaginn 23. nóvember 1956.

Nr. 145/1956. **Ákærvaldið** (Kristján Guðlaugsson)

gegn
Sigurði Arnbjörnssyni
(Benedikt Sigurjónsson).

Dómendur:

hæstaréttardómaramir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason,
Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Teodór B. Lindal
prófessor.

Þjófnaður og fjársvik.

Dómur Hæstaréttar.

Refsing ákærða fyrir brot þau, sem lýst er í héraðsdómi, þykir samkvæmt lagaákvæðum þeim, sem þar er vitnað til, svo og 72. gr. hegningarlaganna nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi eitt ár.

Ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldsvistar ákærða, sviptingu réttinda, bótagreiðslur og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Arnbjörnsson, sæti fangelsi eitt ár.

Ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldsvistar, sviptingu réttinda, bótagreiðslur og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Kristjáns Guðlaugssonar og Benedikts Sigurjónssonar, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. september 1956.

Ár 1956, laugardaginn 15. september, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þórði Björnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3766/1956: Ákærvaldið gegn Sigurði Arnbjörnssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæruskjali sakadóms Reykjavíkur, dags. í dag, er opinbert mál höfðað gegn ákærða, Sigurði Arnbjörnssyni sjómanni, Laugavegi 46 A, en nú gæzlufanga í fangahúsinu, hér í bæ, fyrir þjófnað og fjársvik með því að hafa

- 1) aðfaranótt þriðjudagsins 7. f.m. slegið eign sinni á einkennis-húfu vélstjóra í ólæstri káetu í Lagarfossi hér í Reykjavíkurhöfn,
- 2) hinn 7. f.m. gefið út tékka, að fjárhæð kr. 1500.00, á viðskiptabók sína nr. 6989 í Landsbanka Íslands, hér í bæ, þó að eigi væri þá til í bókinni næg innstæða til greiðslu tékkans og leynt viðtakanda tékkans því,
- 3) á tímabilinu frá 14. f.m. til 16. f.m. gefið út samtals 5 tékka, einn að fjárhæð kr. 200.00, tvo að fjárhæð kr. 270.00, einn að fjárhæð kr. 350.00 og einn að fjárhæð kr. 380.00, á viðskiptabók sína nr. 383 í Austurbæjarútibúi Búnaðarbanka Íslands, hér í bæ, þó að eigi væri þá til í bókinni næg innstæða til greiðslu tékkanna og leynt viðtakendur tékkana því, og
- 4) hinn 4. þ.m. gefið út tékka, að fjárhæð kr. 680.00, á viðskiptabók sína nr. 1158 í Samvinnusparisjóðnum, hér í bæ, þó að eigi væri þá til í bókinni næg innstæða til greiðslu tékkans og leynt viðtakanda tékkans því.

Brot ákærða, sem greint er í 1) hér að framan, telst varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og brot hans, sem greint er í 2) — 4) hér að framan, telst varða við 248. gr. sömu laga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar réttinda samkvæmt 68. gr., 3. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19 1940 svo og til greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 7. marz 1929 á Hvammstanga, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1945 18/10 Húnavatnssýsla. Sátt, 50 kr. sekt fyrir öläði.

1948 30/7 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.

1947 3/6 Húnavatnssýsla. Dómur aukaréttar, 15 daga varðhald, skilorðsbundið í 3 ár, og 100 kr. sekt fyrir brot gegn

- XXV. kafla hegningarlaganna og 18. gr. laga nr. 33/1935.
- 1948 6/4 Húnavatnssýsla. Dómur sama réttar, 3 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. með hliðsjón af 245. gr. hegningarlaganna.
- 1948 28/8 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1948 18/9 Reykjavík. Dómur aukaréttar, 10 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir þjófnað og áfengislagabrot.
- 1948 20/9 Reykjavík. Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 111. gr., 2. mgr., hegningarlaganna.
- 1949 2/2 Reykjavík. Dómur aukaréttar, 4 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.
- 1950 28/1 Keflavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á áfengislögum.
- 1950 1/9 Reykjavík. Dómur, 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244., 245. og 248. gr. hegningarlaganna. Skaðabætur, kr. 1079.50, í sama máli.
- 1952 15/3 Reykjavík. Dómur, 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. og 248. gr. hegningarlaganna.
- 1952 12/5 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengis-laga.
- 1952 29/11 Reykjavík. Dómur, 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi svo og rétti til að öðlast ökuskírteini ævilangt fyrir brot á 244. og 248. gr. hegningarlaganna, áfengislögum og bifreiðalögum.
- 1953 22/5 Dómur, 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 248. gr. hegningarlaganna.
- 1954 4/6 Dómur, 3 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 248. gr. hegningarlaganna.
- 1955 8/10 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
- 1954 26/9 Keflavík. Sátt, 500 kr. sekt fyrir tolllagabrot.
- 1956 7/2 Reykjavík. Dómur, 4 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaganna.

Samkvæmt eigin játningu ákærða og því, sem á annan hátt er upplýst í málinu, eru málavextir þessir:

I.

Aðfaranótt þriðjudagsins 7. f.m. fór ákærði um borð í skipið Lagarfoss hér í Reykjavíkurbær og sló þá eign sinni á einkennis-húfu vélstjóra í ólæstri káetu í skipinu. Hafði hann húfuna á brott með sér og notaði hana, þar til komst upp um brot hans næsta dag.

II.

Hinn 7. f.m. lagði ákærði kr. 50.00 inn á tékkabók í sparisjóðs-deild Landsbanka Íslands, hér í bæ, og fékk afhent tékkhefti. Var tilgangur ákærða sá að rita og láta af hendi tékka úr heftinu, þó að innstæða væri eigi til fyrir þeim í bankanum. Ritaði ákærði síðan einn tékka, að fjárhæð kr. 1500.00, á eitt tékkeyðublað í heftinu og fékk fjárhæð hans greidda í afgreiðslu happdrættis Dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Hann leyndi viðtakanda tékkans því, að ekki var til næg innstæða fyrir tékkanum.

III.

Hinn 14. f.m. lagði ákærði kr. 100.00 í tékkabók í sparisjóðs-deild Austurbæjarútíbús Búnaðarbanka Íslands, hér í bæ, og fékk afhent tékkhefti. Var tilgangur ákærða sá að rita og láta af hendi tékka úr heftinu, þó að innstæða væri eigi til fyrir þeim í bankanum. Ritaði ákærði síðan á tímabilinu frá 14. f.m. til 16. f.m. 5 tékka á tékkaeyðublöð í heftinu. Einn tékkinn var að fjárhæð kr. 200.00, og fékk ákærði fjárhæð hans greidda í verzluninni Kjöt og grænmeti, Snorrabraut 56, hér í bæ. Annar tékkinn var að fjárhæð kr. 350.00, og fékk ákærði fjárhæð hans greidda í matardeild Sláturfélags Suðurlands, Hafnarstræti 5, hér í bæ. Þriðji tékkinn var að fjárhæð kr. 270.00, og fékk ákærði fjárhæð hans greidda í vefnaðarvörudeild Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis, Skólavörðustíg 12, hér í bæ. Fjórti tékkinn var einnig að fjárhæð kr. 270.00, og fékk ákærði fjárhæð hans greidda hjá Jónu Fransdóttur, Bergstaðastræti 33, hér í bæ. Fimmti tékkinn var að fjárhæð kr. 380.00, og fékk ákærði fjárhæð hans greidda í sælgætisverzlun Sigmars Stefáns Péturssonar kaupmanns, Loka-stíg 28, hér í bæ. Ákærði fékk tékkana greidda að mestu leyti í reiðufé, en að einhverju leyti í útteknum vörum. Hann leyndi viðtakendur allra tékkanna því, að ekki var til næg innstæða fyrir tékkunum.

IV.

Hinn 4. þ.m. lagði ákærði kr. 500.00 inn á tékkabók í Samvinnu-sparisjóðnum, hér í bæ, og fékk tékkabók afhenta. Var tilgangur ákærða sá að rita og láta af hendi tékka úr heftinu, þó að inn-

stæða væri eigi til fyrir þeim í sparisjóðnum. Ritaði hann síðan einn tékka, að fjárhæð kr. 680.00, á eitt tékkaeyðublað í heftinu og fékk fjárhæð hans greidda í peningum og happdrættismiðum hjá Jóni St. Arnórssyni, umboðsmanni happdrættis Háskóla Íslands, hér í bæ. Ákærði leyndi hann því, að ekki var til næg innstæða fyrir tékkanum.

Andvirði allra framangreindra tékka eyddi ákærði til eigin þarfa.

V.

Ákærði hefur með atferli sínu, sem greint er í I hér að framan, gerzt brotlegur gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, og með atferli sínu, sem greint er í II—IV hér að framan, hefur hann brotið gegn 248. gr. sömu laga. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna og með tilliti til fyrri brota hans hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði hefur setið í gæzluvarðhaldi síðan 11. þ. m. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna á þessi vist hans að koma með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Eftirtaldar bótakröfur hafa verið gerðar á hendur ákærða í málinu:

1. Frá happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna kr. 1500.00.
2. Frá Kjöt og grænmeti kr. 200.00.
3. Frá Sláturfélagi Suðurlands kr. 350.00.
4. Frá Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis kr. 270.00.
5. Frá Jónu Fransdóttur kr. 270.00.
6. Frá Sigmar Stefáni Péturssyni kr. 380.00.
7. Frá Jóni St. Arnórssyni kr. 680.00.

Ákærði hefur samþykkt bótakröfur þessar, og verða þær allar teknar til greina.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls kostnaðar sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Arnbjörnsson, sæti fangelsi í 8 mánuði. Gæzluvarðhaldsvist ákærða síðan 11. september 1956 komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opin-

berra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjó-
manna kr. 1500.00, verzluninni Kjöt og grænmeti kr. 200.00,
Sláturfélagi Suðurlands kr. 350.00, Kaupfélagi Reykjavíkur
og nágrennis kr. 270.00, Jónu Fransdóttur kr. 270.00, Sigmar
Stefáni Péturssyni kr. 380.00 og Jóni St. Arnórssyni kr. 680.00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 23. nóvember 1956.

Nr. 16/1955. **Vilhelmina Guðmundsdóttir**

(Egill Sigurgeirsson)

gegn

Sigurði Einarssyni

(Jón N. Sigurðsson).

Dómendur:

hæstaréttardómaramirnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason,
Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Theodór B. Lindal
prófessor.

Skuldamál og skaðabóta.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 15. janúar 1955 skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. s. m. og krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða henni kr. 2984.20 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. október 1953 til greiðsludags og svo málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Loks krefst hún, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað að fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.